



BYGGÐASTOFNUN

Greinargerð um svæðisbundna flutningsjöfnun 2023

15. nóvember 2023

Kristófer Már Maronsson, sérfræðingur á fyrirtækjasviði

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	1
1. Svæðisbundin flutningsjöfnun	2
2. Flutningsjöfnunarstyrkur til framleiðenda	2
2.1. Yfirferð umsókna.....	2
2.2. Afgreiðsla umsókna.....	5
2.3. Tíu hæstu styrkirnir	7
2.4. Svæðisskipting umsókna.....	9
2.5. Umsjón og kostnaður.....	10
3. Flutningsjöfnunarstyrkur vegna sölu olíuvara	11
3.1. Yfirferð umsókna.....	11
3.2. Afgreiðsla umsókna.....	11
3.3. Tíu hæstu styrkirnir	12
3.4. Umsjón og kostnaður.....	12
Viðauki 1 – Listi yfir umsækjendur um flutningsjöfnunarstyrki til framleiðenda 2022	13

1. Svæðisbundin flutningsjöfnun

Lög um svæðisbundna flutningsjöfnun nr. 160/2011 tóku gildi þann 1. janúar 2012 og var markmið laganna að styðja við framleiðsluþæðnað og atvinnuuppbyggingu á landsbyggðinni með því að jafna flutningskostnað framleiðenda sem staðsettir eru fjarri innanlandsmarkaði eða útflutningshöfn og búa við skerta samkeppnisstöðu vegna hærri flutningskostnaðar en framleiðendur staðsettir nær markaði. Flutningsjöfnunarstyrkir til framleiðenda voru fyrst veittir á árinu 2013 vegna flutningskostnaðar á árinu 2012 og voru slíkir styrkir veittir í ellefta skipti á árinu 2023 og er fjallað um þá í 2. kafla.

Þann 1. janúar 2022 tóku gildi lög nr. 89/2020 um breytingu á lögum um svæðisbundna flutningsjöfnun nr. 160/2011, með síðari breytingum (niðurlagning flutningsjöfnunarsjóðs olíuvara). Við lög um svæðisbundna flutningsjöfnun bættist við nýr kafla um flutningsjöfnunarstyrki vegna sölu olíuvara og nýtt markmið um að veita styrki til að tryggja framboð olíuvara með því að jafna flutningskostnað á olíuvörum sem eru til notkunar innan lands til svæða sem búa við skerta samkeppnisstöðu vegna landfræðilegra og lýðfræðilegra aðstæðna. Flutningsjöfnunarstyrkir vegna sölu olíuvara voru í annað skipti veittir á árinu 2023 vegna flutningskostnaðar á árinu 2022 og er fjallað um þá í 3. kafla.

2. Flutningsjöfnunarstyrkur til framleiðenda

Í ársbyrjun 2023 hófst undirbúningur vegna umsókna um flutningsjöfnunarstyrki vegna flutningskostnaðar á árinu 2022. Um flutningsjöfnunarstyrki gilda lög nr. 160/2011 um svæðisbundna flutningsjöfnun. Er þetta er í ellefta skipti sem slíkir styrkir eru veittir á Íslandi. Fjárheimildir ársins voru 166,6 m.kr. og voru 164,4 m.kr. greiddar til styrkþega. Heildarfjárhæð samþykktra styrkumsókna var 300,9 m.kr. og því er útgreiðsluhlutfallið 54.6%.

Opnað var fyrir rafrænar umsóknir þann 1. febrúar 2023 en umsóknarfrestur er til 31. mars ár hvert fyrir næstliðið almanaksár. Alls bárust 87 umsóknir, þar af 80 vegna framleiðslustarfsemi í C-bálki en 7 vegna grænmetisráktunar í A-bálki. Er þetta aðeins meiri fjöldi en árið áður en 1 umsókn var dregin til baka. Stærstur hluti styrksins fór til framleiðslu á Norðurlandi eystra eða 43,4% af heildarstyrkfjárhæð en 85,7% fjárhæðarinnar var vegna framleiðslu í ÍSAT bálki CA – Matvæla- og drykkjavöruiðnaður. Fjárhæð 10 hæstu styrkjanna nam samtals 92,7 m.kr. sem er 56,4% af heildarúthlutun.

Byggðastofnun hefur umsjón með verkefninu, móttöku og yfirferð umsókna en Fjársýsla ríkisins annast útgreiðslu. Hér má sjá þróun styrkjanna undanfarin fimm ár:

Tafla 1: Flutningsjöfnunarstyrkir 2019-2023

Ár	Fjöldi umsókna	Fjöldi Samþykkt	Synjað / afturkallað	Fjárhæð umsókna*	Greiddir styrkir*	Umsýslukostnaður*
2023	87	86	1	303,2	164,4	2,1
2022	80	72	8	306,6	164,4	2.3
2021	88	83	5	323,8	214,0	3.7
2020	92	86	6	285,7	163,6	3.0
2019	78	73	5	268,7	166,9	3.1

*Fjárhæðir eru í milljónum kr.


2.1. Yfirferð umsókna

Samkvæmt lögum nr. 160/2011 um svæðisbundna flutningsjöfnun hefur Byggðastofnun umsjón með afgreiðslu flutningsjöfnunarstyrkja. Í því felst að auglýsa eftir umsóknum, taka á móti þeim og afgreiða.

Alls bárust 87 umsóknir, þar af 80 vegna framleiðslustarfsemi sem heyrir undir C-bálk íslensku atvinnugreinaflokkunarinnar, en umsóknir vegna grænmetisræktunar í A-bálki sömu flokkunar voru 7. Á mynd 1 má sjá fjölda umsókna skipt upp eftir landssvæðum og bálkum íslensku atvinnugreinaflokkunarinnar.

Hvaðan komu umsóknirnar?

Fjöldi umsókna = 87




Mynd 1: Hvaðan komu umsóknirnar?

Á mynd 2 má sjá skiptingu umsókna niður á framleiðslustarfsemi þar sem CA-báلكur er áberandi stærstur líkt og hefur verið síðustu ár.

Atvinnugrein umsækjanda eftir ÍSAT bálk

Fjöldi umsókna = 87



Mynd 2: Fjöldi umsókna eftir atvinnugrein

Í fyrstu yfirferð á umsóknum er athugað hvort lágmarksgögnum hafi verið skilað inn. Þau gögn sem teljast vera lágmarksgögn og senda á inn með umsókn eru:

- Staðfesting sýslumanns um að umsækjandi skuldi ekki skatta eða gjöld til ríkis eða sveitarfélaga hér á landi.
- Afrit af skýrslunni VOG, frá CreditInfo. Skýrslan veitir upplýsingar um mál á vanskilaskrá, uppboðsmál, rekstrarsögu, kaupmála og fjárræðissviptingu en lögum samkvæmt eru ekki veittir styrkir til einstaklinga eða lögaðila sem hafa verið úrskurðaðir gjaldþrota á næstliðnum 5 árum fyrir dagsetningu umsókna.
- Stutt greinargerð um fyrirtækið og framleiðsluna. Tilgangurinn með þessu var að veita þeim sem fer yfir umsóknina nánari upplýsingar um framleiðsluna og starfsemi viðkomandi framleiðsluaðila og hvaða vörur það eru sem falla undir hálfunnar, eða fullunnar framleiðsluvörur.
- Útfyllt umsóknarskjal, með upplýsingum um allan styrkhæfan flutningskostnað. Þar á að koma fram fyrir hvern styrkhæfan flutning; flutningsaðili, númer fylgibréfs, dagsetning, hvaðan var sent, sendandi, hvert var sent, móttakandi, reikningsupphæð með olúgjaldi en án vsk. og annarra gjalda, magn, lýsing á vöru og vegalengd. Hjá flestum flutningsaðilum er hægt að fá rafrænt yfirlit yfir alla flutninga með megninu af þessum upplýsingum. Þá þurfa umsækjendur að flokka hverja línu eftir því hvort er um að ræða hálfunna eða fullunna vöru.


Á umsóknareyðublaðinu þurftu umsækjendur að haka við staðfestingu á yfirlýsingu þess efnis að styrkur til styrkþega fari ekki yfir þá fjárhæð sem getið er um í 3. mgr. 6. gr. laga nr. 160/2011.¹

Með því að fá yfirlit yfir styrkhæfan flutning í excel skjali er auðvelt að flokka upplýsingar við yfirferð. Skjalið athugar sjálfkrafa hvort umsóttir flutningar séu styrkhæfir, m.a. með tilliti til vegalengdar og innihalds sendingar. Þá eru aðilar valdir af handahófi og óskað eftir reikningum til að stemma af færslur af handahófi sem er að finna í skjölunum til að athuga hvort að upplýsingarnar stemmi.

2.2. Afgreiðsla umsókna

Af þeim 87 umsóknum sem bárust voru 76 samþykktar en 1 afturkölluð. Ástæður fyrir afturköllun voru að viðkomandi fyrirtæki höfðu farið yfir eða verið mjög nálægt 200.000 EUR á þriggja ára tímabili. Heildarfjárhæð umsókna nam 303,2 m.kr. en eftir afturköllun fór sú fjárhæð niður í 300,9 m.kr.

Þar sem samþykktar umsóknir voru hærrí en fjárveiting ársins, að frádregnum kostnaði Byggðastofnunar, voru styrkgreiðslur lækkaðar hlutfallslega í samræmi við það, sbr. 4. mgr. 6. gr. laga nr. 160/2011. Af samþykktari fjárhæð, 300,9 m.kr., voru 164,4 m.kr. greiddar til styrkþega eða 54,6%. Á mynd 3 má sjá skiptingu styrkja eftir landssvæðum.




Mynd 3: Styrkir eftir landssvæðum

¹ Flutningsjöfnunarstyrkir til hvers framleiðanda skulu aldrei vera hærrí en sem nemur 200.000 EUR á þriggja ára tímabili.

Á mynd 4 má svo sjá styrkfjárhæð flokkaða eftir atvinnugreinum:

Styrkfjárhæð eftir atvinnugrein

Samtals styrkur 164.413.981 kr.



Mynd 4: Styrkfjárhæð eftir atvinnugrein

Stærstur hluti styrkja, eða um 140,9 m.kr. (85,7%), var til aðila í matvæla- og drykkjavöruiðnaði. Er það eins og hefur verið undanfarin ár. Ástæðurnar eru bæði fjöldi aðila í þessari framleiðslu er á landsbyggðinni og kostnaður vegna flutnings á hráefni til vinnslu er mikill.

2.3. Tíu hæstu styrkirnir

Tíu hæstu styrkirnir eru 56,4% af fjárhæð greiddra styrkja eða 92,7 m.kr. Í töflu 2 má sjá þá 10 aðila sem fengu hæstan styrk:

Tafla 2: 10 hæstu styrkirnir – yfirlit yfir framleiðendur

Framleiðandi	Svæði	Framleiðslustarfsemi	Fjárhæð (m.kr.)
Samherji hf.*	Norðurland eystra	CA - Matvæla- og drykkjavöruíðnaður; tóbaksiðnaður	21,4
Kaupfélag Skagfirðinga*	Norðurland vestra	CA - Matvæla- og drykkjavöruíðnaður; tóbaksiðnaður	11,3
Steinull hf.	Norðurland vestra	CG - Gúmmí- og plastvöruframleiðsla, gler-, leir- og steinefnaiðnaður	10,6
Kjarnafæði Norðlenska hf.*	Norðurland eystra	CA - Matvæla- og drykkjavöruíðnaður; tóbaksiðnaður	9,8
Skinney Þinganes hf.	Suðurland	CA - Matvæla- og drykkjavöruíðnaður; tóbaksiðnaður	8,7
Arna ehf.	Vestfirðir	CA - Matvæla- og drykkjavöruíðnaður; tóbaksiðnaður	8,0
GPG Seafood ehf.	Norðurland eystra	CA - Matvæla- og drykkjavöruíðnaður; tóbaksiðnaður	8,0
Coca-Cola Europacific Partners	Norðurland eystra	CA - Matvæla- og drykkjavöruíðnaður; tóbaksiðnaður	5,1
Gjögur hf.	Norðurland eystra	CA - Matvæla- og drykkjavöruíðnaður; tóbaksiðnaður	5,0
Fóðurverksmiðjan Laxá hf	Norðurland eystra	CA - Matvæla- og drykkjavöruíðnaður; tóbaksiðnaður	4,9

*Heildarstyrkur móðurfélags og tengdra félaga

Ef flokkað er út frá landssvæðum þá eru sex af þessum tíu styrkjum til aðila á Norðurlandi eystra og eru þeir með um 58,3% af fjárhæðinni. Um er að ræða fyrirtæki í matvæla- og drykkjarframleiðslu.

Tafla 3: 10 hæstu styrkirnir eftir landssvæðum

Svæði	Fjárhæð (m.kr.)	Hlutfall
Austurland	0	0%
Norðurland eystra	54,1	58,3%
Norðurland vestra	21,9	23,7%
Suðurland	8,7	9,3%
Suðurnes	0	0%
Vestfirðir	8,0	8,7%
Vesturland	0	0%
Samtals	92,7	100%


Ef flokkað er út frá atvinnugreinum þá er það ÍSAT-bálgur CA (Matvæla- og drykkjavöruviðnaður; tóbaksiðnaður) sem er með stærstan hluta eða 89% af heildarfjárhæð 10 hæstu styrkjanna.

Tafla 4: 10 hæstu styrkirnir eftir atvinnugreinum

	ÍSAT Bálgur	Fjárhæð (m.kr.)	Hlutfall
	A - Grænmeti	0	0%
	CA - Matvæla- og drykkjavöruviðnaður; tóbaksiðnaður	82,1	89%
	CC - Trjá og pappírviðnaður, prentun	0	0%
	CE - Framleiðsla á efnum og efnavörum	0	0%
	CF - Framleiðsla á lyfjum og efnum til lyfjagerðar	0	0%
	CG - Gúmmí- og plastvöruframleiðsla, gler-, leir- og steinefnaðiðnaður	10,6	11%
	CH - Framleiðsla málna og málmvara að undanskildum vélum og búnaði	0	0%
	CK - Framleiðsla á öðrum ótöldum vélum og tækjum	0	0%
	CM - Önnur framleiðsla, viðhald og uppsetning vélbúnaðar og tækja	0	0%
	Samtals	92,7	100%

2.4. Svæðisskipting umsókna


Landinu er skipt upp í svæði 1, svæði 2 og höfuðborgarsvæðið. Aðeins framleiðendur á svæðum 1 og 2 geta sótt um styrk. Þeir sem eru á svæði 1 geta sótt um 10% endurgreiðslu á styrkhæfum flutningskostnaði af flutningi umfram 150 km. Á svæði 2 er hægt að sækja um 10% endurgreiðslu á styrkhæfum flutningskostnaði af flutningi sem er 150-390 km en 20% ef farið er lengra en 390 km. Nánari skilyrði um styrkhæfan flutning má finna í reglugerð 121/2019 um flutningsjöfnunarstyrki. Á mynd 5 má sjá hvernig landinu er skipt upp.



Á mynd 6 má sjá hvernig styrkir skiptast á milli svæði 1 og 2.

Skipting styrkja á milli svæða

Samtals styrkur 164.413.981 kr.



Mynd 6: Skipting styrkja á milli svæða

Skiptingin breytist svæði 1 í hag frá árinu áður en nú er svæði 1 með um 67% af heildarstyrkjum en á síðasta ári var svæði 1 með um 58%.

2.5. Umsjón og kostnaður

Í samræmi við 8. gr. laga um svæðisbundna flutningsjöfnun hefur Byggðastofnun umsjón með móttöku og yfirferð umsókna. Útgreiðsla styrkjanna fór í gegnum Fjárslu ríkisins.

Áfallinn kostnaður Byggðastofnunar, vegna umsýslu umsókna árið 2023 var 2.086.013 kr. sem samsvarar 137,5 klukkustunda vinnu á tímakaupi 15.171 kr. samkvæmt gjaldskrá. Kostnaðurinn var um 90% af kostnaði síðasta árs og er helsta ástæðan sú að nýtt umsóknarferli og nýtt umsóknarskjal gerðu yfirferð talsvert skilvirkari og fljótlegra en áður. Umsóknir komu betur unnar frá umsækjendum og minni tími fór í samskipti. Þá var ekki farið í heimsóknir til fyrirtækja vegna síðustu úthlutunar og því enginn kostnaður sem hlýst af því. Um helmingur kostnaðarins fór í undirbúning á nýju ferli og helmingur í yfirferð, svo búast má við því að kostnaður við næstu úthlutun verði lægri.

3. Flutningsjöfnunarstyrkur vegna sölu olíuvara

Breytt lög tóku gildi 1. janúar 2021 og var fyrsta úthlutun árið 2022. Í byrjun árs 2022 var öllum söluaðilum olíuvara innan landsteinanna boðinn fundur og kynning á nýju fyrirkomulagi. Á fundunum var farið yfir regluverkið, umsóknarferlið kynnt og gefin dæmi um hvernig útreikningur fer fram í reiknilíkaninu.

Önnur úthlutun var nú árið 2023 vegna sölu á árinu 2022. Alls bárust 4 umsóknir sem allar voru samþykktar.


3.1. Yfirferð umsókna

Í fyrstu yfirferð á umsóknum er athugað hvort lágmarksgögnum hafi verið skilað inn. Þau gögn sem teljast vera lágmarksgögn og senda á inn með umsókn eru:

- Excel skjal þar sem fram kemur nafn, kennitala og lögheimili söluaðila ásamt upplýsingum um selt magn af hverjum flokki olíuvara á þeim sölustað sem sótt er um.
- Staðfesting á að styrkþegi skuldi ekki skatta eða gjöld til ríkis eða sveitarfélaga hér á landi.
- Staðfesting á að styrkþegi hafi ekki verið úrskurðaður gjaldþrota á næstliðnum fimm árum frá dagsetningu umsóknar.
- Staðfesting á uppruna sölutalna í excel skjali. Þetta má gera með því að fá endurskoðanda til að staðfesta ferlið og tölurnar eða bóka fund þar sem starfsmaður Byggðastofnunar fær kynningu á ferlinu og getur beðið um stikkprufur beint úr viðeigandi kerfum þar sem gögnin eiga sinn uppruna.

3.2. Afgreiðsla umsókna


Þegar öll gögn hafa verið staðfest eru þau afrituð inn í reiknilíkan ásamt forsendum ársins um fjárheimildir, umsýslukostnað Byggðastofnunar og hliðarskilyrði úr lögum og reglugerðum. Reiknilíkanið reiknar styrki í hverjum flokki og á hverjum sölustað fyrir sig á nokkrum sekúndum og skiptir á milli söluaðila. Umsóknir voru 5 og voru þær allar samþykktar. Fjárveiting var 175.000.000 kr. og var 174.711.751 kr. úthlutað eftir að umsýslukostnaður Byggðastofnunar hafði verið dreginn frá. Sjá má styrkveitingu eftir landshlutum á mynd 7:



Mynd 7: Styrkur eftir landshlutum - allir flokkar

3.3. Tíu hæstu styrkirnir

Þar sem umsækjendur voru eingöngu fjórir voru tíu hæstu styrkirnir 100% af heildarúthlutun. Skiptingu á milli umsækjenda má sjá á mynd 8:



Mynd 8: Styrkur eftir umsækjendum

3.4. Umsjón og kostnaður

Í samræmi við 8. gr. laga um svæðisbundna flutningsjöfnun hefur Byggðastofnun umsjón með móttöku og yfirferð umsókna. Útgreiðsla styrkjanna var einnig af hendi Byggðastofnunar. Áfallinn kostnaður Byggðastofnunar, vegna umsýslu árið 2023 var 288.249 kr. sem samsvarar 19 klukkustunda vinnu á tímakaupi 15.171 kr. samkvæmt gjaldskrá Byggðastofnunar. Kostnaðurinn er tæplega 30% af því sem hann var vegna fyrstu úthlutunar og mikið lægri en kostnaður við rekstur flutningsjöfnunarsjóðs olíuvara á sínum tíma. Gera má ráð fyrir því að kostnaður við næstu úthlutun verði svipaður.

Viðauki 1 – Listi yfir umsækjendur um flutningsjöfnunarstyrki til framleiðenda 2023

Nr	Kennitala	Umsækjandi	PNR	Framleiðsla skv. ÍSAT 2008	Úthlutað 2023
1	5901830249	Steinull hf	550	CG - Gúmmí- og plastvöruframleiðsla, gler-, leir- og steinefnaiðnaður	10,643,268
2	4801692989	Skinney Þinganes hf	780	CA - Matvæla- og drykkjavöruíðnaður; tóbaksiðnaður	8,653,967
3	6801695009	KS Mjólkursamlag	550	CA - Matvæla- og drykkjavöruíðnaður; tóbaksiðnaður	8,428,201
4	4402050460	Arna ehf	415	CA - Matvæla- og drykkjavöruíðnaður; tóbaksiðnaður	8,044,743
5	5512032470	GPG Seafood ehf	640	CA - Matvæla- og drykkjavöruíðnaður; tóbaksiðnaður	7,965,016
6	5002090620	Útgerðarfélag Akureyringa ehf	600	CA - Matvæla- og drykkjavöruíðnaður; tóbaksiðnaður	7,617,504
7	4404004340	Samherji Ísland ehf	620	CA - Matvæla- og drykkjavöruíðnaður; tóbaksiðnaður	5,945,197
8	5812891899	Kjarnafæði Norðlenska hf.	606	CA - Matvæla- og drykkjavöruíðnaður; tóbaksiðnaður	5,897,887
9	4701691419	Coca-Cola Europacific Partners	600	CA - Matvæla- og drykkjavöruíðnaður; tóbaksiðnaður	5,126,390
10	5701690769	Gjögur hf.	610	CA - Matvæla- og drykkjavöruíðnaður; tóbaksiðnaður	4,950,130
11	4407911749	Fóðurverksmiðjan Laxá hf	603	CA - Matvæla- og drykkjavöruíðnaður; tóbaksiðnaður	4,880,112
12	5207012140	Íslenskt sjávarfang ehf.	470	CA - Matvæla- og drykkjavöruíðnaður; tóbaksiðnaður	4,617,663
13	5005992789	Norðlenska matborðið ehf.	600	CA - Matvæla- og drykkjavöruíðnaður; tóbaksiðnaður	3,931,925
14	6104061060	Samherji Fiskeldi ehf.	671	CA - Matvæla- og drykkjavöruíðnaður; tóbaksiðnaður	3,485,878
15	4512013010	Hólmadrangur ehf	510	CA - Matvæla- og drykkjavöruíðnaður; tóbaksiðnaður	3,390,708
16	5803100600	Arnarlax ehf	465	CA - Matvæla- og drykkjavöruíðnaður; tóbaksiðnaður	3,243,149
17	6601691219	Ísfélag Vestmannaeyja	680	CA - Matvæla- og drykkjavöruíðnaður; tóbaksiðnaður	3,215,132

Nr	Kennitala	Umsækjandi	PNR	Framleiðsla skv. ÍSAT 2008	Úthlutað 2023
18	6111050960	Fisherman ehf	430	CA - Matvæla- og drykkjavöruiðnaður; tóbaksiðnaður	3,184,643
19	6809992289	Búlandstindur	765	CA - Matvæla- og drykkjavöruiðnaður; tóbaksiðnaður	3,168,958
20	6301696829	Hraðfrystihús Hellissands hf	360	CA - Matvæla- og drykkjavöruiðnaður; tóbaksiðnaður	2,934,408
21	6301692249	Hraðfrystihúsið-Gunnvör hf.	410	CA - Matvæla- og drykkjavöruiðnaður; tóbaksiðnaður	2,788,732
22	5201750249	Guðmundur Runólfsson hf.	350	CA - Matvæla- og drykkjavöruiðnaður; tóbaksiðnaður	2,341,131
23	6801695009	KS Kjötafurðastöð	550	CA - Matvæla- og drykkjavöruiðnaður; tóbaksiðnaður	2,307,482
24	5107893939	Akraborg ehf.	355	CA - Matvæla- og drykkjavöruiðnaður; tóbaksiðnaður	2,299,702
25	4602891309	Ferro Zink hf	600	CH - Framleiðsla málma og málmvara að undanskildum vélum og búnaði	2,272,842
26	4812993069	Fiskvinnslan Íslandssaga hf	430	CA - Matvæla- og drykkjavöruiðnaður; tóbaksiðnaður	2,245,985
27	5901060970	Sláturhús KVH	530	CA - Matvæla- og drykkjavöruiðnaður; tóbaksiðnaður	2,239,599
28	6605141630	Nora seafood	400	CA - Matvæla- og drykkjavöruiðnaður; tóbaksiðnaður	2,174,339
29	5708901079	Miðás ehf	700	CM - Önnur framleiðsla, viðhald og uppsetning vélbúnaðar og tækja	1,856,090
30	5609080670	Ajtel Iceland	780	CA - Matvæla- og drykkjavöruiðnaður; tóbaksiðnaður	1,852,430
31	5306861329	Þörungaverksmiðjan hf	380	CA - Matvæla- og drykkjavöruiðnaður; tóbaksiðnaður	1,826,969
32	5606002240	Sæplast Iceland ehf.	620	CG - Gúmmí- og plastvöruframleiðsla, gler-, leir- og steinefnaiðnaður	1,651,041
33	4203690859	Þórsnes ehf.	340	CA - Matvæla- og drykkjavöruiðnaður; tóbaksiðnaður	1,614,707
34	6607061190	Fiskeldið Haukamýri ehf.	640	CA - Matvæla- og drykkjavöruiðnaður; tóbaksiðnaður	1,574,257
35	7108901459	Fjallalamb hf	670	CA - Matvæla- og drykkjavöruiðnaður; tóbaksiðnaður	1,418,267

Nr	Kennitala	Umsækjandi	PNR	Framleiðsla skv. ÍSAT 2008	Úthlutað 2023
36	6812711559	Rammi hf.	580	CA - Matvæla- og drykkjavöruiðnaður; tóbaksiðnaður	1,346,610
37	4804942029	Sjávriðjan Rifi	360	CA - Matvæla- og drykkjavöruiðnaður; tóbaksiðnaður	1,256,131
38	6301861619	Börkur ehf	603	CC - Trjá og pappírsiðnaður, prentun	1,202,157
39	4503140640	Habrun hf	410	CA - Matvæla- og drykkjavöruiðnaður; tóbaksiðnaður	1,168,815
40	6811972819	Primex ehf	580	CE - Framleiðsla á efnum og efnavörum	1,112,695
41	4108002170	Vilko ehf	540	CA - Matvæla- og drykkjavöruiðnaður; tóbaksiðnaður	1,017,514
42	6402897679	Matur og Mörk	603	CA - Matvæla- og drykkjavöruiðnaður; tóbaksiðnaður	1,000,123
43	5502840659	Dögun ehf	550	CA - Matvæla- og drykkjavöruiðnaður; tóbaksiðnaður	950,523
44	6104061060	Samherji Fiskeldi ehf.	245	CA - Matvæla- og drykkjavöruiðnaður; tóbaksiðnaður	917,240
45	6609180270	Hrísey Seafood ehf	630	CA - Matvæla- og drykkjavöruiðnaður; tóbaksiðnaður	869,752
46	4612002060	Ísgel ehf	540	CM - Önnur framleiðsla, viðhald og uppsetning vélbúnaðar og tækja	830,526
47	6602901849	Klausturbleikja ehf	880	CA - Matvæla- og drykkjavöruiðnaður; tóbaksiðnaður	804,447
48	6508082230	Tandrabretti ehf	735	CC - Trjá og pappírsiðnaður, prentun	785,410
49	5710071690	Kampi ehf	400	CA - Matvæla- og drykkjavöruiðnaður; tóbaksiðnaður	736,699
50	5412051520	Bruggsmiðjan Kaldi ehf.	621	CA - Matvæla- og drykkjavöruiðnaður; tóbaksiðnaður	703,839
51	4811022270	Pharmarctica ehf	610	CF - Framleiðsla á lyfjum og efnum til lyfjagerðar	639,675
52	5308022210	Tungusilungur ehf.	460	CA - Matvæla- og drykkjavöruiðnaður; tóbaksiðnaður	636,226
53	5511963489	Darri ehf	610	CA - Matvæla- og drykkjavöruiðnaður; tóbaksiðnaður	588,536

Nr	Kennitala	Umsækjandi	PNR	Framleiðsla skv. ÍSAT 2008	Úthlutað 2023
54	4110033370	N1 ehf	603	CG - Gúmmí- og plastvöruframleiðsla, gler-, leir- og steinefnaiðnaður	572,468
55	6112922959	Soffanías Cecilsson ehf.	350	CA - Matvæla- og drykkjavöruiðnaður; tóbaksiðnaður	558,788
56	5208033350	Aðalbakarinn ehf	580	CA - Matvæla- og drykkjavöruiðnaður; tóbaksiðnaður	426,292
57	5201993149	Háafell	420	CA - Matvæla- og drykkjavöruiðnaður; tóbaksiðnaður	400,118
58	4511140690	Skógarafurdir ehf	701	CC - Trjá og pappírsiðnaður, prentun	382,619
59	4803042760	Bjargið ehf	685	CA - Matvæla- og drykkjavöruiðnaður; tóbaksiðnaður	355,697
60	4701972349	Klofningur ehf	430	CA - Matvæla- og drykkjavöruiðnaður; tóbaksiðnaður	355,047
61	6301130400	Marúlfur ehf	620	CA - Matvæla- og drykkjavöruiðnaður; tóbaksiðnaður	348,727
62	6910932209	Vestfiskur ehf	420	CA - Matvæla- og drykkjavöruiðnaður; tóbaksiðnaður	324,938
63	5002992829	Sögin ehf.	641	CC - Trjá og pappírsiðnaður, prentun	320,340
64	5505952499	Gæðabakstur ehf.	600	CA - Matvæla- og drykkjavöruiðnaður; tóbaksiðnaður	311,846
65	6601691219	Ísfélag Vestmannaeyja	900	CA - Matvæla- og drykkjavöruiðnaður; tóbaksiðnaður	311,172
66	5102002680	Fiskvinnslan Drangur ehf	520	CA - Matvæla- og drykkjavöruiðnaður; tóbaksiðnaður	296,923
67	4505082250	Betri vörur ehf.	625	CA - Matvæla- og drykkjavöruiðnaður; tóbaksiðnaður	294,390
68	5412952169	Hnýfill ehf	600	CA - Matvæla- og drykkjavöruiðnaður; tóbaksiðnaður	288,783
69	6702693029	Valafell ehf.	355	CA - Matvæla- og drykkjavöruiðnaður; tóbaksiðnaður	273,975
70	5407140880	Akurnesbúið ehf.	781	A - Grænmeti	221,360
71	6003033090	SR Vélaverkstæði hf	580	CH - Framleiðsla málma og málmvara að undanskildum vélum og búnaði	200,799

Nr	Kennitala	Umsækjandi	PNR	Framleiðsla skv. ÍSAT 2008	Úthlutað 2023
72	5402121630	Kalksalt ehf	425	CA - Matvæla- og drykkjavöruiðnaður; tóbaksiðnaður	195,529
73	7105060430	Blábjörg ehf	720	CA - Matvæla- og drykkjavöruiðnaður; tóbaksiðnaður	181,479
74	4103221100	Akur organic ehf.	680	A - Grænmeti	176,517
75	4708962059	Ósnes ehf.	765	CA - Matvæla- og drykkjavöruiðnaður; tóbaksiðnaður	155,753
76	4605161290	Þórustaðir ehf.	605	A - Grænmeti	155,158
77	7110171350	Dokkan brugghús ehf	400	CA - Matvæla- og drykkjavöruiðnaður; tóbaksiðnaður	134,629
78	6212002750	Ektafiskur ehf	621	CA - Matvæla- og drykkjavöruiðnaður; tóbaksiðnaður	133,786
79	5105101000	Móðir Jörð ehf	701	A - Grænmeti	123,562
80	4109982469	KG Fiskverkun	360	CA - Matvæla- og drykkjavöruiðnaður; tóbaksiðnaður	120,908
81	0205724699	Anna Bára Bergvinsdóttir	616	A - Grænmeti	120,769
82	6806050250	Þórisholt ehf	871	A - Grænmeti	110,880
83	4407142770	Ingólfsson ehf	616	A - Grænmeti	87,686
84	5005190290	Sillukot ehf	681	CE - Framleiðsla á efnum og efnavörum	72,443
85	4407002760	Kaffitár Akureyri	600	CA - Matvæla- og drykkjavöruiðnaður; tóbaksiðnaður	33,390
86	4905170220	Skugga-Sveinn ehf.	371	A - Grænmeti	11,840

Alþingi,
Umhverfis- og samgöngunefnd
sent rafrænt á nefndasvid@althingi.is

Ísafirði 23. nóvember 2023

Umsögn; Frumvarp til laga um Svæðisbundna flutningsjöfnun (breytingar á úthlutunarreglum) mál 450, 154. löggjafarþing

Vestfjarðastofa ritar þessa umsögn fyrir hönd Fjórðungssambands Vestfirðinga samkvæmt samkomulagi þessara aðila um framkvæmd verkefna Fjórðungssambandsins.

Hér með er ítrekuð afstaða sem kom fram í umsögnum Fjórðungssambands Vestfirðinga í Samráðsgátt, sjá viðauka.

Tilfni þessa verkefnis kom á sínum tíma fram að frumkvæði vestfirskra sveitarfélaga til að koma á mótis við sértækna kostnað fyrirtækja á Vestfjörðum sökum lélegs vegakerfis, fækkun útflutningshafna og fjarlægðar frá alþjóðaflugvelli. Markmið laganna er að mæta þessum samkeppnishamlandi þáttum og jafna flutningskostnað framleiðenda sem eru fjarri útflutningshöfn eða innanlandsmarkaði.

Almennt verður að lýsa vonbrigðum hvernig stjórnvöld hafa haldið á framkvæmd verkefnisins. Með samdrætti í fjárveitingum í rauntölum eða um 60 % frá því lögin um svæðisbundin flutningsjöfnun tóku gildi 2013, og eins að teknu tilliti til verðlagsþróunar og hækkun flutningskostnaðar. Einnig var aukið við verkefni sjóðsins á árinu 2018 án þess að mæta því með auknu við fjármagni til verkefnisins.

Áréttað er að framleiðendur á Vestfjörðum hafa meiri kostnað í samanburði við aðra landshluta, varðandi flutning afurða á markaði sökum lélegri vetrarþjónustu og ítrekaðra tafa á úrbótum á stofnvegum landshlutans. Svæðisbundin flutningsjöfnun kemur að einhverju leyti til móts við þann kostnað vegna erfiðra samgangna.

Því má segja að skerðing á framlögum sjóðsins til þeirra aðila sem eiga rétt á stuðningi sjóðsins, er í mótsögn við markmið frumvarpsins að komið sé á mótis við markmið stefnumótandi byggðaáætlun 2022-2036 nr 27/152 sem er að stuðla að auknum jöfnuði, búsetufrelsi og jákvæðri byggðaðróun um land allt. Jafnframt sem markmið laga um svæðisbundna flutningsjöfnun að styðja framleiðsluþægni og atvinnuuppbyggingu um land allt.

Fjórðungssamband Vestfirðinga kom að umsögn sinni í Samráðsgátt hvort ekki kæmi til álita að hækka framlög til verkefnisins til að mæta stöðu minnstu framleiðenda, því er hafnað samkvæmt greinargerð frumvarpsins. Niðurstaðan er því að til að jafna stöðu minnstu framleiðenda, þá megi skerða aðra aðila sem eiga að njóta stuðnings sjóðsins.



Vestfjarðastofa



Fjórðungssamband
Vestfirðinga

Ekki var orðið við þeirri beiðni Fjórðungssambandsins í Samráðsgátt, að við framlagningu frumvarpsins, að gerð verði greining á fjárhagslegum áhrifum af boðuðum breytingum og líkleg áhrif á aðra aðila sem notið hafa stuðnings sjóðsins. Telur Fjórðungssambandið að með auðveldum hætti sé hægt að endurreikna fyrri úthlutanir sjóðsins og sjá þar með áhrif af breytingum á forsendum úthlutunar. Slíkt væri einnig í þágu skýringa með frumvarpinu um tilefni og nauðsyn lagabreytingar, eða sem segir

Jáframt að styrkirnir uppfylli með sem bestum hætti almenn skilyrði styrkveitinga hins cpinbera um jafnræði, hlutlægni, gagnsæi og samkeppnisjónarmið, sbr. 42. gr. laga um cpinberjarmál, nr. [123/2015](#).

Er hér með beint til umhverfis- og samgöngunefndar að kalla eftir þessum upplýsingum, þannig ljós verði líkleg áhrif frumvarpsins.

Í annan stað er ítrekuð sú afstaða Fjórðungssambandsins að sjóðnum verði deildaskipt og afmörkuð fjárveiting sett til minni framleiðenda. Breyting nái fram við samhliða afgreiðslu fjárlaga 2024 en til vara sem tillaga í fjármálaáætlun 2025-2029 og þá í fjárlögum 2025.

Vestfjarðastofa og Fjórðungssamband Vestfirðinga lýsa sig reiðubúin að koma að umræðu um málið á vettvangi umhverfis- og samgöngunefndar.

f.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga

Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri byggðaðróunar

Viðaukar;

A. <https://samradapi.island.is/api/Documents/0aed995d-e13d-ee11-9bbc-005056bcce7e>

B. [Samráðsgátt | Mál: S-169/2023 \(island.is\)](#) eða sem segir

Fjórðungssamband Vestfirðinga ítrekar þá afstöðu sem sambandið setur fram í umsögn um áform um breytingar á lögum um svæðisbundna flutningsjafnun. Unnið er að úrbótum á samgöngukeifinu á Vestfirðum er varðar stefnivegi og verður svo fram að þeim tíma sem stefnt er að endurskoðun laga um svæðisbundna flutningsjafnun eða í lok árs 2025. Auk þess sem vetrarþjónusta á flutningsleiðum út frá Vestfirðum með styttri þjónustutíma miðað við aðra landshluta Samkeppnisstaða fyrirtækja á Vestfirðum er því lakari en annarra fyrirtækja í landinu, skerðing á framlögum til fyrirtækja á Vestfirðum er því hér með mótmælt.

Til að koma á mótis við aðstæður minni framleiðenda er ekki annað séð en auka verði við fjárveitingar til svæðisbundinnar flutningsjafnunar. Fjórðungssamband Vestfirðinga leggur því til að við framlagningu frumvarps á Aþingi liggi fyrir greining á stöðu minni framleiðenda og mat á hver væri líkleg járhæð sem kæmi til mótis við stöðu þeirra. Gerð yrði breyting á frumvarpinu þar sem afmörkuð verði fjárveiting til minni framleiðenda.